



**Atvinnuveganefnd Alþingis**

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2014

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 71//2008, breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, Þingskjal 609 — 319. mál**

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands fiskeldisstöðva (LF) um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 71/2008, breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (flutningur verkefna, stofnun sjóða o.f.l.). Þingskjal 609 — 319. mál

Með samþykki á þessu frumvarpi á Alþingi verða lög um fiskeldi á margan hátt skýrari og skilvirkari en gildandi lög. Meginefni frumvarpsins er sú viðleitni að einfalda og stytta umsóknarferli starfs- og rekstrarleyfa, nýmæli sem stuðla að auknu öryggi í fiskeldi s.s. burðarþolsmat og að draga úr umhverfisáhrifum fiskeldis, aukinni skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti með fiskeldi, gjaldtöku og tryggingarskyldu, stofnun umhverfissjóðs sjókvíaeldis og úrræðum sé ekki farið að lögum þessum.

Starfs- og rekstrarleyfi er úthlutað samhliða hjá einni stofnun, Matvælastofnun, í stað tveggja áður sem styttr umsóknartíma verulega. Við umsókn um rekstrarleyfi skal umsækjandi m.a. leggja fram burðarþolsmat um hvað fjórðurinn eða svæðið ber þar sem starfrækja á fyrirhugað fiskeldi.

Fulltrúi LF starfaði í nefndinni um breytingar á lögum um nr. 71/2008 um fiskeldi. Þó svo að starfið hafi gengið nokkuð vel var starfið ekki átakalaust en nefndin reyndi að ná lendingu um flest mál. Það tókst einfaldlega ekki í öllum tilvikum og gerir LF athugasemdir við helstu greinar þar sem LF er ekki sammála öðrum nefndarmönnum og telur jafnvel að að fari frumvarpið í gegn óbreytt verði framkvæmd einstakra greina miklum vankvæðum bundin og muni skaða uppbyggingu fiskeldis.

**Efnislegar athugasemdir LF (7. gr. 2. mgr. c, 9.gr. b, og 10. gr.).**

7.gr. 2. mgr. c. LF mælir á móti c-lið, greinar 7 og leggur til að hún verði feld burt úr frumvarpinu. Langan tíma tekur að byggja upp arðsamt fiskeldi í sjó í fulla rekstrarstærð og í flestum tilfellum standast tímaáætlanir ekki þau markmið sem lagt var af stað með. Fyrir því liggja margar ástæður svo sem breytingum á markaðsforsendum, og þá fjármögnun, skorti á innviðum og fleiri ástæðum. Ekki verður við það unað að fyrirtæki sem er í vexti í fiskeldi verði hindrað í rekstri með löggjöf sem skildar lögbært yfirvald að afturkalla rekstrarleyfi þess ef áætlanir þess standast ekki. Þessi grein á sér vart hliðstæðu í lögum og sá ásetningur að yfirvöld skuli taka leyfi af rekstraraðila og afhenta öðrum, sem ekki er í rekstri en hefur fögur fyrirheit, getur á engann hátt talist eðlileg. C-liður býður heim hættu á yfirboðum í rekstrarleyfisumsóknum og að hraðinn á

framkvæmdinni verði hámarkaður með ófyrirséðri áhættu til að uppfylla kröfu lögbærðs yfirvald (sjá einnig athugasemd við 10. gr.).


9.gr. b. LF hefur þá skoðun að tryggingarákvæðið sé ekki nógu vel skilgreint (of opið) til að ná tilgangi sínu. Trygging sem ekki er skilgreind og er opin fyrir „öllum“ hugsanlegum skaða sem af rekstri hlýst á meðan lögin eru í gildi verður mjög dýr ef hún þá fæst. LF er þeirra skoðunar að mikilvægt sé að rekstraraðilar tryggji sig t.d. fyrir frágangi á svæðum ef starfsemi er hætt. Slíku ákvæði er hugsanlega hægt að bæta við núverandi tryggingu samkvæmt lögum nr. 33/2004. sem er kveðið á um í starfsleyfi Umhverfisstofnunar um að rekstraraðili skuli taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Er sú trygging ekki fullnægjandi ?

10. gr. LF mótmælir 10 gr. frumvarpsins. Í greininni eru ákvæði þar sem lögð er sú skilda á lögbært yfirvald að afturkalla rekstrarleyfi ef starfsemi er ekki hafin innan 3 ára eða ef reksturinn hefur ekki náð markmiðum sínum jafnvel ef rekstur stöðvast í 2 ár af einhverjum ástæðum t.d. þegar þörf er á að hvíla svæði.

LF telur að lögbært yfirvald eigi að hafa heimildir til að láta að sér kveða að undangengnum samskiptum við rekstrarleyfishafa ef rekstraraðili hyggst augljóslega ekki nýta sér útgefin leyfi. Síðasta setningin í greininni er heimild lögbærðs yfirvalds að minnka rekstrarleyfi sé nýting þess minni en 50% af burðarþoli sjókvíaeldissvæðisins. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að þessi heimild sé til handa Matvælastofnun sem getur m.a. komið til greina í þeim tilvikum þegar fyrir liggur umsókn annars aðila um rekstrarleyfi á sjókvíaeldissvæðinu sem felur í sér hagkvæmari nýtingu og að sjókvíaeldissvæði séu nýtt á sem hagkvæmasta hátt.

LF mótmælir harðlega þessu ákvæði og það felur í sér heimildir yfirvalda sem eru algjörlega óásættanlegar fyrir þá sem hyggjast stunda fiskeldi. Í raun fá yfirvöld heimildir til að taka leyfi af einum og láta annan hafa þrátt fyrir að sá fyrrnefndi sé með starfsemi og starfsemin sé að vaxa. Fiskeldi krefst mikilla fjárfestinga og fjábindingar. Lögjafinn á ekki að þrýsta rekstraraðilum í áhættusömum rekstri út í hraðari vöxt en þeir treysta sér til með það eitt að markmiði að „fullnýta“ svæði. Fyrirtæki í sjókvíaeldi verða að ráða för um hversu hratt þau vaxa. Þau þurfa að prófa sig áfram á svæðinu með tilliti til ýmissa þátta, m.a. hvort þau fari inn á umhverfisvænt eldi með minni þéttleika í eldinu og vottun á starfseminni. Þá er burðarþol einstakra fjarða eða svæða er ekki það sama og geta svæðis til að framleiða fisk og koma fleiri þættir í þá mynd. Verði reksturinn ábatasamur munu öll leyfi verða nýtt á þeim tíma sem ábyrgir rekstraraðilar treysta sér til án atbeina yfirvalda.

Virðingarfyllst,



f.h. Landssambands fiskeldisstöðva